

- b. 3. tölul. verður svohljóðandi: Af munum, sem váttryggðir eru skv. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.
- c. Orðin „og 6. gr.“ í 4. mgr. falla brott.

7. gr.

Á eftir 1. másl. 21. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til fræðslu- og þjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs.

8. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1995 skal stjórn Viðlagatryggingar Íslands greiða Ísafjarðarkaupstað 90 milljónir króna í bætur vegna tjóns sem varð á skíðalyftum á Ísafirði í snjóflóðum veturinn 1994.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árunum 1995–99 skal innheimta 10% álag á iðgjöld skv. 10. gr. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld skulu renna í ofanflóðasjóð, sbr. 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Um innheimtu þessa gjalds fer skv. 10. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.